



Stefna

Upplýsingaöryggisstefna – STE-0001

Tilgangur og markmið

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu Sýnar er að lýsa áherslum stjórnar fyrirtækisins á verndun og meðhöndlun upplýsinga. Markmiðið er að upplýsa um kröfur til að varðveita trúnað, heilleika og tiltækileika upplýsinga sem félagið notar í starfsemi sinni eða meðhöndlar fyrir hönd viðskiptavina.

Umfang

Upplýsingaöryggisstefna þessi nær til stjórnar, starfsfólks og þriðja aðila sem starfa í nafni félagsins.

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Sýn nær yfir farsíma-, landlínu-, internetþjónustu, Vodafone sjónvarps, smá- og heildsölu sem Vodafone á Íslandi veitir frá höfuðstöðvum sínum, verzlunum og hýsingarsölum.

Stefna

Leitað er alla leiða til að verja upplýsingaeignir félagsins fyrir öllum ógnum, hvort sem þær eru innri eða ytri, hvort sem þær eru af ásetningu, vegna óhappa eða af slysi. Fagleg vinnubrögð eru lykillinn að árangri og til marks um það er þessi stefna sett. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa starfsmenn, samstarfsaðila, viðskiptavinum og birgja um að félagið stjórni með ábyrgum hætti öryggi upplýsinga.

Stefnumið

1. Við gætum þess að tryggja öryggi upplýsinga á hverjum tíma.
2. Við geymum og notum aðeins upplýsingar sem þörf er á til að tryggja ásættanlega þjónustu og rekstur félagsins.
3. Við fylgjum ávallt þeim lögum og reglum sem eru í gildi á hverjum tíma um stjórnun upplýsingaöryggis og meðferð upplýsinga.
4. Stefna þessi er bindandi fyrir stjórn, starfsfólk og þriðja aðila sem starfa fyrir Sýn.
5. Við stýrum aðgangi starfsfólks og þriðja aðila að upplýsingum og upplýsingakerfum í samræmi við hlutverk þeirra.
6. Við stuðlum að virkri öryggisvitund starfsfólks og þriðja aðila með þjálfun, fræðslu og leiðbeiningum.
7. Við framkvæmum reglulega áhættumat og úttektir til að meta þörf á breytingum á stjórnkerfi Sýnar og stefnu þessari.
8. Við endurskoðum upplýsingaöryggisstefnu Sýnar eins og oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar er á tveggja ára fresti.

Framkvæmd

1. Sýn fylgir viðmiðum upplýsingaöryggisstaðalsinsí ST EN ISO/IEC 27001:2013 til grundvallar skipulags og viðhaldsaðgerða og stendur vörð um leynd, réttlæika og tiltækileika upplýsingaverðmæta.
2. Við berum kennsl á þær upplýsingar sem þarf að vernda og gerum okkur grein fyrir virði þeirra fyrir félagið og viðskiptavinum þess.
3. Við berum kennsl á ógnir sem steðja að upplýsingum okkar með áhættumati
4. Við tryggjum að starfsfólk og þriðju aðilar fái ásættanlega þjálfun og fræðslu um öryggi upplýsinga svo öllum sé ljós ábyrgð sín.
5. Vinnum stöðugt að umbótum, framkvæma reglulega áhættumat til að meta hvort þörf sé á stýringum og úrbótum á upplýsingaöryggi félagsins.

Stefna þessi er aðgengileg í gæðahandbók Sýnar og er á heimasíðu félagsins.

Útgáfa 8.0

Reykjavík 24.3.2023

Yngvi Halldórsson, forstjóri